

Gildi félagslegra sjónarhorna og hugtaka í félagslegri þjónustu

Mótum framtíð

Dr. Hanna Björg Sigurjónsdóttir



Fötlun er grundvallarhugtak

- # Viðtekinn skilningur á fötlun, á hverjum tíma, stýrir því hvernig brugðist er við fötluðu fólki
 - Þetta endurspeglast m.a. í lögum, þjónustu og aðgengi
- # Dæmi um ólík sjónarhorn sem hafa haft mikil áhrif á það hvernig við hugsum um fötlun eru læknisfræðileg og félagsleg sjónarhorn

Hefðbundinn skilningur á fötlun

- # Er rakinn til læknavísinda og heilsufélagsfræði
- # Fötlun er skilin sem frávik og sjúkdómstengd
- # Læknisfræðileg sjónarhorn hafa verið ráðandi í vestrænum þjóðfélögum meirihluta síðustu aldar og;
 - legið til grundvallar starfi fagfólks í menntakerfi, heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu.
 - Litað huga almennings og sjálfskilning fatlaðs fólks
- # Áhersla er lögð á greiningu, ráðgjöf, meðferð og meðhöndlun

Hefðbundinn skilningur, frh. 1

- Fötlun er skilgreind sem frávik út frá líkamlegri eða andlegri skerðingu, því sem einstaklingurinn getur ekki í samanburði við þá sem eru „eðlilegir”
 - Fötlun er séð sem vandamál einstaklingsins, persónulegur harmleikur, ólánsöm fórnarlömb
 - Fötlun er séð sem uppspretta allra erfiðleika einstaklingsins án þess að tillit sé tekið til umhverfislegra þátta
-

Félagsleg sjónarhorn

- Breska félagslega líkanið er róttækast félagslegra sjónarhorna
 - Tilurð þess má rekja til þess að fatlað baráttufólk andæfði skilgreiningu fagmanna (læknisfræðilega líkansins) á fötlun og þróaði nýja
 - Í nýju skilgreiningunni var lögð áhersla á að það væri ekki skerðingin sjálf sem fatlaði fólk heldur félagslegt, efnahagslegt og menningarlegt umhverfi sem og neikvæð samfélagsleg viðhorf til fötlunar
-

Félagsleg sjónarhorn, frh.1

- # Norræna tengslalíkanið er mildast félagslegra sjónarhorna en þar er lögð áhersla á samspil fötlunar (umhverfis) og skerðingar (einstaklings)
 - # Litið er svo á að;
 - Fötlun sé misgengi milli getu einstaklinga og krafna umhverfisins
 - Fötlun sé aðstæðubundin
 - Fötlun sé afstæð
-

Félagsleg sjónarhorn aðgreina;

Líffræðilega og félagslega þætti

- # **Skerðing** (líffræðileg). Takmarkanir á virkni vegna líkamlegrar, skyn eða andlegrar skerðingar
 - # **Fötlun** (félagsleg) útilokun eða takmörkun á þátttöku til jafns við aðra í daglegu lífi vegna samfélagslegra hindrana (félagslegra, efnahagslegra, aðgengi, fordóma o.s.frv.)
-

Félagsleg sjónarhorn

- # Líta á fatlað fólk sem eðlilegan hluta af félagslegum margbreytileika
 - # Leggja áherslu á ytri orsakir sem hindra þátttöku fatlaðra í samfélagi sem aðgreinir þegna sína og mismunar þeim
 - # Leggja áherslu á mannréttindi og fullan rétt fatlaðs fólks til samfélagslegrar þátttöku
-

Hefðbundið sjónarhorn

Félagsleg sjónarhorn

Hvað er að þér?

Kemur skerðingin í veg fyrir að þú takir eins virkan þátt í félagslífi og þú kysir?

Veldur skerðingin því að þú þarft að reiða þig á aðstandendur til að fá nauðsynlegan stuðning?

Hvað er að samfélaginu?

Kemur lélegt aðgengi, skortur á þjónustu og fjármagni í veg fyrir að þú takir eins virkan þátt í félagslífi og þú kysir?

Veldur skortur á viðeigandi úrræðum því að þú þarft að reiða þig á aðstandendur til að fá nauðsynlegan stuðning?

Lykilhugtök

- # Fötlun
 - # Sjálfstæði
 - # Mannréttindi
 - # Lífsgæði
 - # Sjálfsákvörðunarréttur, val, vald
 - # Aðgengi
-

Sjálf-skilgreining

Sjálfs-skilgreining

- Að fatlaðfólk fái að skilgreina sig og þarfir sínar sjálft.
 - Ófatlaðir skilgreina þarfir sínar sjálfir út frá löngunum sínum
 - Í anda læknisfræðilegra sjónarhorna hafa ófatlaðir skilgreint þarfir fatlaðra út frá skerðingu þeirra og hafa jafnvel vald til að ákvarða
 - hvar þeir búa, hvar þeir vinna, í hvaða skóla þeir ganga, hvaða þjónustu þeir fá og líf ófæddra barna
-

Þjónusta við fatlað fólk

- Þjónusta við fatlað fólk hefur í gegnum árin verið undir miklum áhrifum af hefðbundnum skilningi á fötlun
 - Þjónusta hefur verið vandamáламиðuð með áherslu á vangetu einstaklingsins og rík tilhneiging hefur verið til að líta á þá sem þurfa á umönnun að halda sem “byrði”
 - Þetta endurspeglast m.a. í því hvernig raddir fatlaðs fólks hafa verið þaggaðar og hvernig talað hefur verið um fötlun sem félagslegt vandamál
-

Félagsleg sjónarhorn leggja áherslu á;

- # Grundvallarbreytingu á viðhorfum og uppbyggingu þjónustu
 - Mikil þjónustugæði
 - Notendamiðaða/stýrða þjónustu
 - Að samskipti þjónustuveitenda og notenda séu á jafnræðisgrundvelli sem byggja á gagnkvæmri virðingu
-

Áhrif félagslegra sjónarhorna;

- # Eru greinileg í lagasetningum og mannréttindasáttmálum
 - # Í þjónustu er áherslan smám saman að færast frá takmörkunum einstaklingsins yfir í umhverfi þjónustunnar og hvernig þjónustan getur stuðlað að því að efla og styrkja fólk
 - # Fatlað fólk er farið að hafa meiri áhrif á þjónustu en víða er þó langt í land
-

Gildi félagslegra sjónarhorna og hugtaka

- # Mikill munur á því að vera líkamlega háður og félagslega háður
 - # Sjálfstæði felst ekki í því að læra að klæða eða mata sig sjálfur heldur því sjálfræði sem felst í því að stjórna hvernig verk er unnið
 - # Fólk sem er sjálfstætt hefur stjórn á eigin lífi en gerir ekki endilega allt sjálft!
 - # Það er beint samband á milli félagslegs stuðnings og virkni einstaklingsins
 - # Sjálfstæði vs. öryggi
-

Lokaorð

- # Það hvernig við skiljum fötlun hefur afdrifaríkar afleiðingar fyrir líf fatlaðs fólks
 - # Ólíkur skilningur á fötlun (læknisfræðilegur vs. félagslegur)
 - stjórnar því hvernig fag- og starfsfólk skynjar fatlað fólk og þau vandamál sem það stendur frammi fyrir
 - endurspeglast í samskiptum þess við notendur þjónustu
 - # Viðhorf til fatlaðra er ein alvarlegasta hindrunin og því þarf stöðug fræðsla að eiga sér stað
-